

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Ákærða Guðrún Guðmundsdóttir greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málf lutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 59/1889.

Páll Jóakimson

gegn

Marteini Þorgrímssyni.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað af stefnda, Marteini Þorgrímssyni á Hafralæk, fyrir lögreglurjetti Þingeyjarsýslu, gegn áfrýjandanum Páli Jóakimssyni í Árbót út af því, að áfrýjandinn, er stefndi taldi sig hafa verið vistráðinn hjá krossmessuárið 1888—1889, hefði slegið stefnda í andlitid til blóðnasa og skemmda 21. okt. 1888, og vísað honum síðan úr vistinni, og krafðist stefndi því fyrir lögreglurjettinum árskaups hjá áfrýjanda að upphæð 40 kr. og matarverðs samkvæmt hjúalögnum frá nefndum degi 21. okt. 1888, til hjúaskildaga 1889, og málskostnaðar, samt bóta fyrir áverka, en til vara krafðist hann matarverðs samkvæmt greindum lögum og málskostnaðar, og enn til vara sumarkaups allt að 60 kr. og málskostnaðar eptir reikningi. Var málið dæmt 11. maí f. á., á þá leið, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda í sumarkaup 1888 48 kr., en var

sýkn dæmdur að öðru leyti, og var svo kveðið á í dóminum samkvæmt kröfu áfrýjanda, að áburður stefnda á áfrýjanda um misþyrmingu skyldi vera dauður og marklaus, svo hann kæmi ekki mannorði hans til rýrðar. Málskostnaður skyldi falla niður.

Áfrýjandinn hefur krafizt þess hjér fyrir rjettinum, fyrst og fremst, að nefndur dómur verði dæmdur ómerk-ur, að því er hann snertir kröfur stefnda á hendur áfrýjanda, og þessum kröfum vísað frá undirrjetti, en að hann verði staðfestur að því er hann ómerkir áburð stefnda á áfrýjanda, og til vara, að áfrýjandi verði algjörlega sýkn dæmdur af kröfum og kærnum stefnda, en dómurinn staðfestur að því ómerking snerti á áburði stefnda á áfrýjanda; hvernig sem fer hefur hann að auki krafizt þess, að stefndi verður dæmdur til að borga allan málskostnað fyrir báðum dómum, með einhverju nægilegu eptir mati yfirdómsins. Stefndi hefur aptur á móti krafizt, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandi skyldaður til að greiða sjer hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Að því snertir málsatriðið um burtvísun stefnda úr vist af hálfu áfrýjanda, er það upplýst í sökinni, að stefndi dvaldi á heimili áfrýjandans frá 15. maí 1888 til 21. okt. s. á., en áfrýjandinn hefur skýlaust neitað því, að hann hafi verið þar sem vistráðið hjú sitt og kveðst að eins hafa, fyrir þrábeiðni þeirra, sem að stefnda stóðu, um, að hann tæki hann og reyndi að kenna honum til verka, leyft að hann mætti koma til sín til reynslu, þó ekki fyr en eptir hvítasunnu (20. maí), og hafi enginn samningur verið gjörður um veru stefnda hjá sjer, um meðgjöf með honum, kaup eða nokkuð þess konar. Stefnda hefur nú eigi tekizt að

sanna, að hann hafi verið vistráðið hjú áfrýjanda hið umrædda krossmessuár, og verður því að sýkna áfrýjandann fyrir kröfu stefnda út af þessu efni, og er því eptir skýrslum málsins ekki unnt, að taka varakröfu hans um sumarkaup til greina.

Að því leyti hinn stefndi í máli þessu hefur lögsótt áfrýjandann nú fyrir það, að hann hafi slegið sig í andlitið til blóðnasa og skemmda, var, með því stefndi ekki var vistráðið hjú hjú áfrýjanda, eigi heimild til þess að reka mál út af þessu fyrir lögreglurjetti og að ganga fram hjú lögskipaðri sáttanefnd, og ber því að svo miklu leyti að vísa málinu frá lögreglurjettinum.

Að því snertir ómerkingu á áburði stefnda á áfrýjanda, verður að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, með því honum hefur eigi verið áfrýjað til breytingar að því leyti; svo ber og að staðfesta málskostnaðarákvaði hans.

Eptir atvikum þykir rjett, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Kröfum hins stefnda Marteins Þorgrímssonar út af líkamlegri árás og meiðslum vísast frá lögreglurjettinum. Áfrýjandinn Páll Jóakimsson á að öðru leyti að vera sýkn fyrir kærnum og kröfum stefnda í máli þessu. Um ómerkingu meiðyrða og um málskostnað í hjeraði á lögreglurjettardómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.